

**Nd. 202. Frumvarp til laga [139. mál]**

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

**1. gr.**

1. mgr. 29. gr. orðist svo:

Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fúgetagerðir og uppboð, fara borgardómarar og borgarfógetar í Reykjavík, en utan Reykjavíkur sýslumenn í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum, svo og dómarar þeir, er skipaðir eru til þess að starfa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjámálum og öðrum fasteignámálum. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu breytingu frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að dómarar, er skipaðir verði við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, fari með dómsvald, auk þeirra dómara, er farið hafa með það samkvæmt gildandi lögum. Er þessi breyting í samræmi við frumvarp til laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., sem lagt er fram samtímis frumvarpi þessu.